


Merkjasala systrafélagskvenna

Systrafélag Siglufjarðarkirkju er að hefja sína árlegu merkjasölu. Gengið verður í hús í Siglufirði á næstunni og nýja merkið boðið til sölu. Á það er letrað: Siglufjarðarkirkja 2018. Vonast félagið til að íbúar bæjarins taki jafn vel á móti Systrafélagskonum og verið hefur undanfarin ár.

Eina markmið Systrafélagsins er að styðja við og hlúa að kirkjunni okkar. Nú er unnið að nýju eldhúsi í safnaðarheimilinu. Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar 11. júlí í sumar.

Merkið kostar litlar 1.000 krónur.



Myndir og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.